

Stefna SaltPay um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum

1. Almenn

SaltPay IIB hf. (hér eftir nefnt „félagið“) er fjármálafyrirtæki og ber sem slíkt ábyrgð á því að stjórn hans og starfsmenn starfi í samræmi við eðlilega og heilbriðgða viðskiptahætti og venjur ásamt því að allar viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi félagsins.

Stefna þessi er sett á grundvelli 3. ml. 1. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2006 um fjármálafyrirtæki.

Félagið veitir fjármálaþjónustu sem getur falið í sér hættu á hagsmunaárekstrum. Með hagsmunaárekstrum er hér átt við aðstæður sem geta komið upp þegar félagið þjónar hagsmunum tveggja eða fleiri aðila (þ.m.t. eigin hagsmunum), og er í aðstöðu til að láta tiltekinn aðila njóta betri stöðu á kostnað annars aðilans.

Það er stefna félagsins að að gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir hvers konar hagsmunaárekstra. Markmið með stefnu þessari er að tryggja að félagið fari að lögum og reglum sem gilda um starfsemi þess, vernda hagsmuni viðskiptavina félagsins og standa vörð um orðspor og trúverðugleika félagsins og starfsmanna þess með því að draga úr hættu á hlutdrægni við meðferð og afgreiðslu mála.

Í stefnu þessari er gerð grein fyrir þeim aðstæðum sem geta skapast í starfsemi félagsins og valdið hagsmunaárekstrum í viðskiptum milli félagsins og viðskiptavina, starfsmanna og viðskiptavina og viðskiptavina innbyrðist. Jafnframt eru útlistaðar þær ráðstafanir sem grípa skal til í því skyni að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, sem og viðbrögð við hagsmunaárekstrum ef þeir koma upp.

2. Gildissvið

Stefna þessi gildir um alla starfsemi félagsins og nær til allra starfsmanna þess sem og stjórnar félagsins. Stefnan nær jafnt til núverandi og fyrrverandi viðskiptavina félagsins þar sem enn ríkir trúnaðarskylda eða önnur skylda milli aðilanna. Stjórn félagsins og starfsmenn þess skulu í hvívetna starfa í samræmi við stefnu þessa.

3. Greining hagsmunaárekstra

Í því miði að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra hefur félagið lagt mat á við hvaða aðstæður slíkt gæti komið upp milli félagsins og viðskiptavina, milli starfsmanna og viðskiptavina og milli viðskiptavina innbyrðis. Við mat er horft á tengsl, þjónustu, starfsemi og viðskipti félagsins og þannig metið hvort félagið, starfsmenn, stjórnarmenn eða aðrir aðilar sem beint eða óbeint eru tengdir félaginu í gegnum yfirráð:

- sé líklegur til að njóta fjárhagslegs ávinnings eða forðast fjárhagslegt tap á kostnað viðskiptavinar,
- hafi hagsmuna að gæta varðandi þjónustu sem viðskiptavininn er veitt,
- hafi fjárhagslegan eða annars konar hvata til að setja hagsmuni annars viðskiptavinar eða hóps viðskiptavina fram hagsmunum hlutaðeigandi viðskiptavinar,
- stundi sams konar rekstur og viðskiptavinur,
- þiggi eða muni þiggja umbun í tengslum við þjónustu sem veitt er viðskiptavininum í formi peninga, vara eða þjónustu, annarra en venjubundinna umboðslauna eða þóknana, frá öðrum aðila en viðskiptavininum.

Félagið telur að í m.a. eftirfarandi tilvikum geti hagsmunaárekstrar komið upp:

- þar sem starfsmaður eða annar sá sem áhrif getur haft á kjör eða viðskiptasamband tengist beint eða óbeint samkeppnisaðila viðskiptavinar,
- þar sem starfsmaður eða annar sá sem áhrif getur haft á kjör eða viðskiptasamband hefur hagsmuna að gæta af niðurstöðu þjónustu sem viðskiptavininum er veitt og þessir hagsmunir eru aðgreinanlegir frá hagsmunum viðskiptavinar,
- þar sem starfsmaður stundar samskonar rekstur og viðskiptavinur,
- þar sem starfsmaður eða stjórnarmaður þiggur umtalsverðar gjafir eða afþreyingu, svo sem boðsferðir, sem gæti haft skaðleg áhrif á hagsmuni viðskiptavina þess.

4. Ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra

Stjórn og starfsmenn félagsins skulu ávallt gæta fyllsta hlutleysis við störf sín. Neðangreind atriði eru meðal þeirra ráðstafana sem félagið viðhefur til þess að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra:

Aðskilnaður starfssviða

Færsluhirðingar og Útgáfu félagsins eru aðskilin í samræmi við sátt félagsins við Samkeppniseftirlitið frá 2014. Við gerð viðskiptaáætlana skal sérstaklega tryggt að einungis séu hafðir til hliðsjónar viðskiptahagsmunir viðkomandi sviðs. Aðgengi milli sviða er takmarkað. Auk samkeppnislegra sjónarmiða er með slíkum aðskilnaði jafnframt takmarkað flæði

trúnaðarupplýsinga milli þessara tveggja tekjusviða auk takmarkana á hættu á hagsmunaárekstrum milli viðskiptavina sviðanna.

Lög, reglur og verkferlar

Starfsmönnum félagsins ber ávallt að starfa í samræmi við lög, opinberar reglur og innri reglur félagsins. Starfsmenn skulu einnig haga störfum sínum þannig að trúnaðarupplýsingar berist ekki til óviðkomandi aðila.

Fræðsla til starfsmanna

Starfsmenn félagsins skulu ávallt vera vel upplýstir um þær reglur sem gilda um starfsemi þess, svo sem laga og reglu breytingar ásamt gildandi verklagi.

Siðareglur SaltPay

Félagið hefur sett sér starfs- og siðareglur þar sem meðal annars eru settar hömlur við því að starfsmenn þiggi laun hjá öðru fyrirtæki, sitji í stjórn fyrirtækis, eigi virkan eignarhlut í félagi eða taki við hlunnindum sjálfum sér til handa af þeim sem eiga viðskipti við félagið.

Upplýst um hagsmunaárekstra

Sé ekki unnt að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem gætu skaðað hagsmuni viðskiptavina félagsins skal viðskiptavinur upplýstur um eðli og ástæður viðkomandi hagsmunaárekstra, áður en til viðskipta er stofnað ef unnt er. Þannig er reynt að stuðla að því að viðskiptavinur geti tekið upplýsta ákvörðun áður en til viðskipta er stofnað. Komi upp hagsmunaárekstrar skal félagið bregðast við með besta mögulega hætti eins fljótt og unnt er.

5. Eftirlit með framkvæmd og endurskoðun

Regluvörður félagsins skal annast eftirlit með því að stefnu þessari sé framfylgt í starfsemi þess. Stefnan skal yfirfarin og uppfærð eftir þörfum á minnsta kosti þriggja ára fresti.